



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Jólalald í Áslandsskóla
- Skreytingadagur
- Fullveldisratleikur
- Aðventudagskrá skólakóra
- Jólasveinar
- Hugsað til þeirra sem minna mega sín
- Heilsdagsskóli í jólaleyfi

Aðventan gengur í garð

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Aðventan eða jólafasta spannar síðustu fjórar vikur fyrir jól. Þetta er sá tími sem við tökum frá til að undirbúa okkur fyrir komu frelsarans og til að minnst fæðingar hans.

Einkennislitur aðventunnar samkvæmt kirkjunni er fjólublár. Sjálf jólahátíðin ber síðan hvítan eða gylltan lit.

Margir setja aðventuljós í glugga á þessum tíma og/eða setja upp aðventukrans sem á eru fjögur kerti. Það er kveikt á fyrsta kertinu fyrsta sunnudag í aðventu, næst á tveimur, þá þremur og loks öllum fjórum.

Fyrsta kertið heitir Spádómskertið, það minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins, um komu frelsarans.

Annað kertið heitir Betlehemskerði eftir fæðingar bæ Jesús.

Þriðja kertið heitir Hirðakerði eftir hirðingjunum sem fátækir og ómenntaðir fengu fyrst fregnina góðu um fæðingu frelsarans.

Fjórdða kertið heitir Englakerði, og minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

Ég held að gott sé fyrir okkur öll að nota aðventuna til að huga

hvort að öðru, nú þegar veröldin virkar víða öfugsnúin og ranglát. Tökum saman þátt í viðburðum og endilega kikið við í skólanum, t.d. á jólamorgunstundum, jólaskreytingadegi og á syngjandi jólum í Hafnarborg.

Þá er gott fyrir okkur að leita í fjársjóð minninganna, huga að vinum og ættingjum og rækta góðvild og góðsemi með þeim sem standa okkur næst. Óska ykkur öllum gleðilegrar aðventu.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri Áslandsskóla

GÓÐI segir:



Undir snjó meðan gróður sefur stjörnuvirta á fannhvítri jörð. Löngum þar lífsins andi hefur lítill hjörtu um staðið vörð.

Aðventudagskrá skólakóra

Nú þegar líður að jólum er nóg að gera hjá kórum skólans sem skipa nemendur í 3.-4. bekk og 5.- 6. bekk. Syngjandi jól eru í Hafnarborg laugardaginn 5. desember kl: 11:00. Báðir kórarnir ætla að syngja nokkur lög, bæði sitt í hvoru lagi og saman. Tvö laganna eru með texta eftir Leif skólastjóra, annar þeirra glænýr. Allir eru velkomnir á þessa tónleika sem eru orðnir árlegur viðburður í kórstarfinu í desember. Undanfarin tvö ár höfum við farið og heimsótt Hrafnistu rétt fyrir jólin og átt þar notalega stund. Mánudaginn 7. desember ætlum við þangað til syngja og spila fyrir og með heimilisfólki. Með okkur í för verða nokkrir nemendur úr 7. bekk sem ætla að lesa jólasögur og ljóð. Kórarnir koma líka fram á jólamorgunstundum í skólanum. Kórstjóri er Díana tónmenntakennari og undirleikari er Jenný enskukennari.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

Jólahald í Áslandsskóla / stofujól og litlu jól

Föstudagur 18. desember 2009

- Árgangar byrja ýmist á litlu jólum eða stofujólum.
- Mæting í heimastofu.
- Jólalund í heimastofu / Gengið í fallegum röðum á sal.
- Gengið í kringum jólatré við undirleik.
- Bekkir búnir að fá lög til að æfa sig – syngja með um leið og gengið er kringum jólatré.



Árgangur	Litlu jól	Stofujól
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	12:50-13:40	12:00-12:50
7. bekkur	Jólaball 16.12.2008 kl. 16:00—17:30	10:00-11:30
8. bekkur	Jólaball 17.12.2008 kl. 19:30-22:00	10:00-11:30
9. bekkur	Jólaball 17.12.2008 kl. 19:30-22:00	10:00-11:30
10. bekkur	Jólaball 17.12.2008 kl. 19:30-22:00	10:00-11:30

Hugsað til þeirra sem minna mega sín

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum haft þann sið undanfarin fjögur skólaár, að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsu framlagi miðvikudaginn 16. desember.

Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Þessi hugsun okkar tengist einni af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk föstudaginn 18. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyksnefndar það sem safnast um kl. 13:30 á sal skólans.

Helgileikur Jólaball leikskóla

Nú eru hafnar æfingar á helgileiknum sem alltaf er sýndur hér í skólanum í desember.

Hefð er fyrir því að leikur og söngur sé í höndum nemenda í 5. bekk.

Helgileikurinn er ómissandi þáttur í jólahaldi skólans og er sýndur á jólamorgunstundum hjá yngri - og miðdeild, en einnig fá leikskólakrakkarnir á Tjarnarási að sjá sýninguna. Tjarnarás heldur jólaball sitt hér hjá okkur í Áslandsskóla og taka nemendur í 6. bekk þátt í ballinu og aðstoða við að ganga með þeim til og frá leikskóla. Frábært samstarf.

Jóla morgunstundir

Mánudagur 14.12.2009

8:10-9:30

3. og 4. bekkur

Þriðjudagur 15.12.2009

8:10-9:30

1. og 2. bekkur

Miðvikudagur 16.12.2009

8:10-9:00

Sameiginleg jólasöngstund—allir nemendur og starfsmenn

Fimmtudagur 17.12.2009

Miðdeild

Rattleikur 1. des Jólaskraut 4. des

Mánudaginn 1. desember er sveigjanlegt skólastarf en þá fer fram fullveldisrattleikur Áslandsskóla.

Skólastarf er frá 8:10-12:10 þann daginn og opnar heilsdagsskólinn fyrir þá sem þar eiga dvöl strax kl. 12:10.

Föstudaginn 4. desember er hefðbundinn skóladagur en engu að síður ætlum við að nýta hluta dagsins til að klæða skólann í jólafötin.

Gott væri ef nemendur hefðu meðferðis "græjur" og efni til föndurs.

Heilsdagsskóli í jólaleyfi

Föstudaginn 18. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir.

Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 8:00 þann dag, þar sem dagskrá er með óhefðbundnum hætti.

Heilsdagsskólinn er síðan opinn í jólafríi nemenda sem hér segir:

Mánudaginn	21. desember	kl. 8:00—17:00
Þriðjudaginn	22. desember	kl. 8:00—12:30
Mánudagur	28. desember	kl. 8:00—17:00
Þriðjudagur	29. desember	kl. 8:00—17:00
Miðvikudagur	30. desember	kl. 8:00—17:00

Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafríi eða breyta viðveru þann 20. desember, verða því að skrá sig á skrifstofu skólans og tilgreina dvalartíma.

Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans í síðasta lagi mánudaginn 14. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Rétt er einnig að geta þess að ákveðinn lágmarksfjöldi barna þarf dag hvern til að starfseminni sé haldið úti.

Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 193 krónur—síðan bætist við kr. 170.– pr.máltíð/nesti sem geta mest orðið þrjár pr. dag.

Jólasýning í boði foreldra

Foreldrafélag Áslandsskóla mun bjóða yngstu deildunum upp á jólasýningu sem hefur verið skipulögð þann 2. desember n.k. á sal skólans.

Sýningin kemur frá Stoppleikhópnum og nefnist hún Jólin hennar Jóru. Glænýtt jólaævintýri unnið undir áhrifum frá þjóðsögunum. Leikritið segir frá Jóru litlu en hún er tröllastelpa sem býr upp í fjöllum. Einn daginn stelur hún jólakíkinum hans Skrepps en hann er einn besti aðstoðarmaður jólasveinanna. Allt er í pati því án kíkisins góða geta þeir ekki vitað hvort börnin séu þæg og góð til að fá í skóinn. Fer Skreppur því af stað til að hafa upp á kíkinum en það verður ekki auðvelt því Jóra er farinn til mannabyggða, að upplifa þessi jól sem allir eru að tala um.

Nemendum í eldri bekkjum skólans verður boðið á sýningu eftir áramót.

Heimsókn skólavina úr 5. bekkjum Setbergsskóla



Frá foreldrafélagi Áslandsskóla

Tilgangur Foreldrafélags Áslandsskóla er að efla foreldrasamstarf, vera sameiginlegur vettvangur samskipta og efla tengsl foreldra. Við trúum því að með virkri þátttöku foreldra verði frammistaða nemenda betri, sjálfstraust þeirra meira og viðhorf jákvæðara.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

Vel heppnuð stærðfræðinámskeið

Á dögnum héldu kennarar skólans námskeið fyrir forráðamenn í stærðfræði.

Eitt námskeið var fyrir forráðamenn nemenda í yngri deild og annað fyrir forráðamenn í miðdeild.

Mæting á námskeiðin var mjög góð og námskeiðin einstaklega vel skipulögð og skemmtilega framsett af kennurunum.

Elín Þórarinsdóttir og Steinunn Jenný Skúladóttir héldu utan um fyrra námskeiðið og þær Rósa Lyng Svavarsdóttir og Halldóra Lára Benónýsdóttir um það síðara.

Viðbrögð forráðamanna einkennast af jákvæðni og er mikill vilji til að halda slíkum námskeiðum áfram hér í skólanum.

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri